

**Mál nr. 319/2010**  
**M og**  
**Vátryggingafélagið V v. Kaskótryggingar A**

**Ventlafóðringar losnuðu í vél bifreiðar og stimpill skemmdist þ. 7.10.2009**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 13.10.2010 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 28.10.2010 ásamt fylgiskjöllum 1-5

**Málsatvik.**

M segir að tjón hafi orðið á bifreið sinni A 9.4.2009 og hafi A verið löguð eftir það, en stöðugt hafi eitt og annað verið að þar til það hafi gerst að ökumaður A hafi misst stjórn á henna og lent upp á umferðareyju og eftir það hafi komið í ljós óhljóð frá vélinni. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna skemmda á A. V hafnar bótaskyldu og segir óumdeilt að A hafi orðið fyrir tjóni þ. 7.10 þegar ökumaður hennar missti stjórn á henni og ók út af veginum. Ágreiningur í málinu segir V vera um það hvort orsakatengsl séu á milli út af akstursins og bilunar í vél þannig hvort að bilun í vél falli undir bótasvið skilmála kaskótryggingar. V bendir á að A hafi verið ekið í 36 daga frá því að útafaksturinn átti sér stað þar til að bifreiðin var færð á verkstæði. Af þeim sökum heldur V því fram að skemmdir á A sem hér ræðir um verði ekki raktar til útaf akstursins. Þá telur V að um stórkostlegt gáleysi ökumanns A hafi veirð að ræða þegar A var ekið út af í umrætt sinn.

**Álit.**

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að það tjón sem ágreiningur um bótaskyldu varðar, verði rakið til umferðaróhappsins þ. 7.10.2009. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni vegna A, hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni vegna A hjá V.

Reykjavík 30.11. 2010.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.